

Stjórn HRFÍ,
Síðumúla 15,
108 Reykjavík

Vísindanefnd hefur tekið til umfjöllunar erindi sem barst frá stjórn Hundaræktarfélags Íslands dagsett 3. maí síðastliðinn varðandi stofnun sérdeildar enskra seta. Undir beiðnina skrifar fimm manna hópur eigenda enskra seta, en í dag eru enskir setar hluti hópdeildar.

Ljóst er að stofninn uppfyllir tæpast þau skilyrði sem sett eru sem grundvöllur fyrir stofnun deilda í starfsreglum um ræktunardeildir grein II-1, þ.e. að að minnsta kosti skuli vera 12 óskyldir einstaklingar hæfir til undaneldis.

Í dag telur stofn enskra seta á landinu um 100 einstaklinga og hafa fæstir þeirra verið mjaðmamyndaðir eða augnskoðaðir með tilliti til arfgengrar, vaxandi sjónurýrnunar (PRA). Hvað varðar sjúkdóminn „ceroid lipofuscinosis“ (cl) er ljóst að ekki liggja fyrir neinar niðurstöður um rannsóknir á honum og að tíðni hans í stofninum er því ekki þekkt. Í heildina má því segja, að nokkuð skorti á þekkingu á heilbrigði stofnsins hér á landi.

Í Svíþjóð og Noregi eru settar þær kröfur um undaneldi enskra seta, að hundarnir skuli mjaðmamyndaðir og einungis ræktað undan þeim einstaklingum sem greinast án maðmaloss (A og B), augnskoðaðir og DNA – greindir fyrir rcd4-PRA og að a.m.k. annað foreldri sé prófað fyrir eða sannanlega ekki beri skv. erfðum á cl (CLN8) til þess að unnt sé að ættbókarfæra afkvæmi þeirra.

Undirstrikað skal, að samkvæmt leiðbeiningum samtaka evrópskra augndýralækna ætti að augnskoða öll ræktunardýr og að gildistími augnvottorða sé eitt ár. Vísindanefnd telur afar mikilvægt, að heilbrigði stofnsins verði kannað hér á landi og að öll ræktun verði jafnframt í lágmarki þar til sú yfirsýn hefur fengist. Einnig að gerðar verði sambærilegar kröfur til ræktunardýra hér á landi og gerðar eru í Noregi og Svíþjóð með tilliti til skráningar afkvæma í ættbók.

Hvort ræktun fari fram undir merkjum hópdeildar eða sérdeildar er tæpast aðalatriðið hér heldur ábyrg ræktun; að einungis séu notuð heilbrigð dýr til undaneldis og jafnframt að ræktunarstjórnir búi yfir staðgóðri þekkingu á þeim arfgengu sjúkdómum sem kunna að herja á tegundina. Vísindanefnd leggur því til að afkvæmi enskra seta verði ekki skráð í ættbók frá tiltekinni dagsetningu nema að uppfylltum ofangreindum skilyrðum.

Vísindanefnd telur eðlilegast að ákvörðun um það hvort ræktunarstarfið verði áfram undir formerkjum hópdeildar eða hvort deild enskra seta verði endurvakin sem sérdeild, verði í höndum stjórnar HRFÍ.

Reykjavík, 20. maí 2016

F. h. vísindanefndar HRFÍ

Helga Finnsdóttir